

\*Á við um kanínur og naggrísi, hamstra, stökkmýs og degu sem haldin eru sem gæludýr

### Innflutningsleyfi – eftirlit vegna innflutnings - kostnaður

Sækja þarf um innflutningsleyfi til Matvælastofnunar (Mast) tímanlega fyrir innflutning. Sótt er um í gegnum [þjónustugátt](#) MAST. Þegar umsókn hefur borist er haft samband við umsækjanda til þess að gera ráðstafanir vegna úttektar á heimasóttkví. Að lokinni úttekt skal greiða eftirlitsgjald (greiðsluupplýsingar eru sendar umsækjanda) og þegar staðfesting á greiðslu hefur borist stofnuninni, er innflutningsleyfi gefið út. Innflutt dýr er svo skoðað a.m.k. tvisvar af dýralækni á vegum Mast á meðan heimaeinangrun stendur; að jafnaði fyrsta virka dag eftir innflutning og aftur að lokinni fjögurra vikna einangrun og oftast ef þörf krefur t.d. vegna veikinda eða slysa.

### Kostnaður við innflutning

Innflytjandi ber allan kostnað af öflun vottorða, sóttvarnarráðstöfunum og eftirliti þ.m.t. sýnatökum og rannsóknum sem Matvælastofnun telur nauðsynlegar.

- 1) Eftirlitsgjald að upphæð 9.818 kr vegna útgáfu leyfis og vottorðaskoðunar.
- 2) Kostnaður vegna úttektar á sóttkví og skoðunar á dýri í sóttkví (tíma-/akstursgjald skv. gjaldskrá MAST).
- 3) Innflutningseftirlit við komu á Keflavíkurflugvelli (tíma- og akstursgjald).
- 4) Eftirlit / skoðun dýrs í heimaeinangrun fyrir afléttingu einangrunar (tíma- og aksturskjald)
- 5) Dýralækniskostnaður vegna undirbúnings fyrir innflutning í útflutningslandi.

### Heilbrigðiskröfur

Uppfylla skal allar heilbrigðiskröfur vegna innflutnings og halda tímamörk vegna sýnataka ofl. Dýralæknir í útflutningslandinu skal taka nauðsynleg sýni, framkvæma heilsufarsskoðun og gefa út [heilbrigðisvottorð](#). Ath einungis [eyðublað](#) sem gefið er út af MAST í þessum tilgangi er tekið gilt).

Eftirfarandi skal staðfest í heilbrigðisvottorði:

- Part 1: Upplýsingar um innflytjanda (ath sá sami og hefur leyfi til innflutnings).
- Part 2: Upplýsingar um dýrið; tegund og auðkenni þegar við á; kanínur skulu örmerktar.
- Part 3: Salmonellsýni. Saurýni úr dýrinu sem tekið er í mesta lagi 3 vikum fyrir innflutning og rannsakað m.t.t. salmonellu greinist neikvætt (skal rannsakað á viðurkenndri rannsóknarstofu).
- Part 4: Heilbrigðisskoðun. Dýrið skal ekki hafa nein einkenni smitsjúkdóms.
- Part 5: Undirritun dýralæknis.
- Part 6: Áætlaður komudagur og -tími á Keflavíkurflugvöll.

Senda skal afrit af vottorði ásamt fylgiskjöllum til Mast með tölvupósti (petimport@mast.is) a.m.k. 5 dögum fyrir innflutning til skoðunar og samþykktar. Frumrit vottorðs og niðurstöðu sýnis ásamt innflutningsleyfi skal fylgja dýrinu við innflutning.

### Heimaeinangrun í 4 vikur

Nagdýrum og kanínum sem heimilað hefur verið að flytja til landsins skal haldið í heimaeinangrun fyrstu fjórar vikurnar eftir innflutning sbr. 28. gr. [reglugerðar nr. 201/202 um einangrun og einangrunarstöðvar fyrir gæludýr](#).

- Einn fjölskyldumeðlimur skal sjá um dýrið sem haldið er í sóttkví.
- Dýri í heimaeinangrun skal haldið í afmörkuðu rými þar sem ekki er mikill umgangur.
- Ekki mega vera önnur dýr á heimilinu meðan á einangrun stendur.
- Ekki má vera samgangur milli dýra í einangrun og annarra dýra.
- Þeir sem sinna dýrum í heimaeinangrun skulu gæta fyllsta hreinlætis við umönnun dýranna og skulu m.a. þvo og sótthreinsa hendur eftir alla meðhöndlun dýranna og úrgangs þeirra.
- Allan úrgang skal setja í tvöfalda plastpoka og farga með sorpi.

- Komi upp veikindi eða slys hjá dýri í heimaeinangrun skal tilkynna það til MAST svo fljótt sem auðið er. Í slíkum tilfellum gæti þurft að framlengja einangrun og/eða taka sýni til rannsóknar. Ekki skal fara með dýrið á dýralæknastofu án samráðs við MAST. Drepist dýr í heimaeinangrun skal það krufið.

## Einangrun hjá verslunaraðilum

Þegar um er að ræða innflutning á vegum verslunar gilda eftirfarandi kröfur um sóttkví:

- Einangrun skal vera lokað rými þar sem tiltekinn starfsmaður ber ábyrgð á allri umönnun dýra og skal hann einn hafa aðgang að sóttkvínni.
- Ekki má vera samgangur milli dýra í einangrun og annarra dýra.
- Starfsmaður skal nota sérstakan hlífðarfatnað við störf sín í einangruninni sem ekki er notaður utan hennar og skal gæta fyllsta hreinlætis, m.a. skal hann ætíð þvo og sótthreinsa hendur sínar bæði fyrir og að loknum störfum sínum í einangruninni.
- Allan úrgang skal setja í tvöfalda plastpoka og farga með sorpi.
- Komi upp veikindi eða slys hjá dýri í einangrun skal tilkynna það til MAST svo fljótt sem auðið er. Í slíkum tilfellum gæti þurft að framlengja einangrun og/eða taka sýni til rannsóknar. Ekki skal fara með dýrið á dýralæknastofu án samráðs við Mast. Drepist dýr í sóttkví skal það krufið.

## Innflutningseftirlit

Keflavíkurlflugvöllur er eini samþykkti innflutningsstaðurinn fyrir gæludýr. Innflutningseftirlit framkvæmt af MAST (dýralækni) fer fram við komuna til landsins, í komusal (rauða hliðinu). Slíkt eftirlit felur í sér gagna- og auðkennaskoðun auk þess sem gengið er úr skugga um að dýrið sýni ekki augljós einkenni smitsjúkdóms.

Leyfilegur komutími dýra er á milli kl. 06:00 og 17:00 á fyrirfram ákveðnum komudögum. Ef koma utan þess tíma er nauðsynleg þarf að sækja um leyfi með því að senda fyrirspurn í tölvupósti til [petimport@mast.is](mailto:petimport@mast.is), en slíkt leyfi er ekki alltaf veitt. MAST getur veitt leyfi fyrir komu á milli kl. 17:00 og 21:00 ef starfsfólk er tiltækt, en komur eftir þann tíma verða ekki samþykktar. Þetta felur í sér talsverðan aukakostnað fyrir innflytjanda þar sem innflutningseftirlit verður þá framkvæmt utan venjulegs vinnutíma. Gæludýrum er ekki leyft að dvelja á flugvöllinum yfir nótt.

## Flutningsbúr

Flutningsbúr skal vera sterkbyggt og úr efni sem er auðvelt að þrifa og sótthreinsa (ekki mjúkar töskur). Búrið skal vera hæfilega stórt og á því skulu vera op til að tryggja góð loftskipti og að dýrið sjái út en það má ekki geta stungið loppum eða trýni út.

## Ólöglegur innflutningur

Kanínur og nagdýr sem ekki uppfylla skilyrði vegna innflutnings verða send úr landi á kostnað innflytjanda eða aflífuð bótalaust.

## Lög og reglur

[Lög nr. 54/1990 um innflutning dýra](#), [reglugerð 935/2004 um innflutning gæludýra og hundasæðis](#) með áorðnum breytingum og [reglugerð 201/2020 um einangrun og einangrunarstöðvar fyrir gæludýr](#) kveða á um skilyrði vegna innflutnings og einangrunar gæludýra.

## Nánari upplýsingar um innflutning kanína og nagdýra

- Matvælastofnun, svið markaðsmála að Dalshrauni 1b, 220 Hafnarfirði (s. 530 4800) fer með eftirlit með innflutning gæludýra.
- Allar nauðsynlegar upplýsingar um innflutningsskilyrði er að finna á [vef MAST](#).
- Varðandi heilbrigðisvottun skal leita ráða hjá dýralækni í útflutningslandi og hafa til hliðsjónar [vottorðseyðublað](#) og ensku útgáfu leiðbeininga þessara.
- Gögn og fyrirspurnir vegna innflutnings skal senda á [petimport@mast.is](mailto:petimport@mast.is)